DRÖG

FEBSEL Stjórnarfundur 22.5 2024- að Skólabraut 5.-
Kl. 17.-18.20

Fundinn sátu: Kristbjörg, Sigríður, Sigurður, Inga, Helgi og Stefán.

1. **Landsfundur LEB**. Fulltrúar okkar Kristbjörg og Sigríður sögðu frá.Í umræðum kom fram ánægja með fundinn, fráttamenn gripu áherslur hans og heyrðust því víða. Lýst var ánægju með **LEB blaðið**, einkum skrif um starf og aðstöðu FEB félaga, um öldungaráðin og árangur sumra í samskiptum við sveitarstjórnir.

2. **Stóru málin og Öldungaráðið á Nesinu.** Hjá okkur á Nesinu er margt að gerast sem finnna þarf eðlilegan farveg. Umræða er í gangi um skipulag og samstarf til að styðja við **aukna hreyfingu eldri borgara** með þátttöku íþróttahreyfingar, íþróttafræðinga, sveitarfélagsins og heilsugæslunnar. Verkefni nefnd Bjartur lífsstíll og Gott að eldast. Grótta sýnir áhuga og bendir á vannýtta tíma í íþróttahúsi. Stefnumótunarvinna er í gangi hjá sveitarfélaginu

um málefni eldri borgara. Hlutverk FEBSEL er einkum að fá aðila að borðinu til að móta þetta samstarf og treysta

Stjórnin leggur áherslu á möguleika öldungaráðsins til framgangs mála og á stefnumótun sveitarfélagsins í málefnum eldri borgara í sérstakri nefnd.
Stjórnin telur að útfæra þurfi tómstundastyrki til framgangs verkefnanna þar sem byggja megi á reynslu annarra sveitarfélaga sem það hafa gert.

Stjórnin felur formanni og ritara að taka þessi framfara og samstarfsmál upp við formann öldungaráðsins og á vettvangi stefnumótunarnefndar um eldri borgara á Seltjarnarnesi.

3. Helgi upplýsti að boðað hafi verði til fundar í fulltrúaráði Eirar, en hann er fulltrúi FEBSEL í því.

SB skráði